



REKSTRARSAMNINGUR



Milli sveitarfélagsins Norðurþings og Héraðssambands Þingeyinga (HSP)
varðandi framlag til reksturs HSP árin 2022, 2023 og 2024.

Sveitarfélagið greiðir árin 2022-2024 framlag til reksturs HSP. Framlagið nýtist til grunnreksturs HSP svo sambandið geti haldið úti 50% stöðu framkvæmdastjóra til að sinna hefðbundinni og lögbundinni starfsemi.

Reglan sem farið er eftir er að sveitarfélagið Norðurþing greiðir ákveðna upphæð fyrir hvern íbúa sem er búsettur í sveitarfélaginu. Miða skal við íbúatölu skv. Hagstofu Íslands þann 1. janúar ár hvert.

Framlagið mun sveitarfélagið greiða skv. reikningi frá HSP sem sendur verður í kjölfar ársþings HSP. Til þess að fá framlagið greitt skal HSP senda sveitarfélaginu ársskýrslu, sem lýsir innra starfi sambandsins og stöðu.

Ábyrgð félags

Félaginu er óheimilt að ráða til starfa aðila sem sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Allir þjálfarar og ábyrgðarmenn sem starfa á vegum félagsins þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðsfélaga um hreint sakavottorð.

Sveitarfélagið greiðir árið 2022, 2023 og 2024 framlag til reksturs HSP eftir reglunni:

íbúatala sveitarfélagsins 1. jan. x 640,- krónur
(íbúatala sinnum 640 krónur)

30.11.2021

Dags.

Arn Hermannsd.

fyrir hönd Norðurþings

NORÐURÞING

Guðrúna H.

Framkvæmdastjóri, fyrir hönd HSP